

	flutt 1234 —
25. Guðlaugu Eiríksdóttur frá Reynivöllum	44 —
26. Sigríði Ingimundardóttur frá Otrardal	34 —
27. Helgu Arnfinnsdóttur frá Breiðabólstað í Vesturhópi	44 —
28. Elínu Einarsdóttur frá Þingeyrarklaustri	87 —
29. Sigríði Oddsdóttur frá Dýrafjarðarþingum	60 —
30. Matthildi Ásgeirsdóttur frá Rafnseyri	68 —
31. Guðrúnu Pálsdóttur frá Gufudal	36 —
32. Marenu Nielsdóttur frá Höskuldsstöðum	58 —
33. Elisabet Jónsdóttur frá Melstað	40 —
34. Steinunni Jónsdóttur frá Höskuldsstöðum	72 —
35. Sigurbjörgu Jónsdóttur frá Undirfelli	20 —
36. Ólavíu Ólafsdóttur frá Hestþingum	20 —
37. Guðrúnu Ólafsdóttur frá Melstað	29 —
38. Helgu Eiríksdóttur frá Garði í Kelduhverfi	30 —
39. Málfríði Jónsdóttur frá Upsum	44 —
40. Guðrúnu Sigurðardóttur frá Tjörn	20 —
41. Guðrúnu Jónasdóttur frá Höfða	28 —
42. Guðrúnu, ekkju síra Gísla Brynjúlfssonar á Hólum	32 —
	—
	samtals 2000 —

— *Bréf landshöfðingja til póstmeistarans um skaðabætur fyrir glataða* **5**
 póstsendingu. — Með þóknanlegu bréfi yðar, herra póstmeistari, frá 11. f. m. 14. febr.
 meðtók jeg nánari skýringu um kröfu þá, er komið hefir fram 9. septbr. f. á. um end-
 urgjald fyrir glataða peningasendingu, að upphæð 30 kr. Hafði sending þessi verið
 afhent 4. desbr. 1875 póstaðgreiðslumanninum á Egilsstöðum og átti að fara til Egils
 bókbíndara Jónssonar hjer í bænum; en hana vantaði, þegar póstur kom hingað um
 lok janúarmánaðar f. á., og hefir hún hvergi komið fram síðan. Verður því að álíta,
 að hún hafi glatazt í vörslum póststjórnarinnar. Fyrir því samþykktist, að áminnst
 fje, 30 kr., sje greitt úr póstsjóði, samkvæmt 22. gr. auglýsingar 3. maí 1872.

Þótt allar póstsendingar frá Austfjörðum til Suðurlands, er koma að Akureyri, sjeu
 teknar upp þar og látnar í nýjar póstskrinur, hefir ekki orðið komizt fyrir það í máli
 þessu, hvort áminnst póstsending hefir glatazt á leiðinni norður að Akureyri eða þaðan
 suður, og með því að ástæðan til þess virðist vera sú, að póstaðgreiðendurnir á enda-
 stöðvum póstleiðarinnar líti ekki, þegar látið er í nýju skrinurnar, eptir póstsendingum
 þeim, er sendar eru með sjerstakri póstskrá beinlínis til póststöðva á annari póstleið,
 verð jeg þjónustusamlega að skora á yður, herra póstmeistari, að gjöra ráðstöfun til að
 slíkt eptirlit verði framvegis haft á póstaðgreiðslustöðum þeim, þar sem nýjir póstar
 taka við hvor af öðrum, eða á Akureyri, Seyðisfirði og Prestsbakka.